



Reykjavík, 26. apríl 2018

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Varðar: frumvarp til laga um fjármálafyrirtækja (endurbótaáætlun, tímanleg inngríp, eftirlit á samstæðugrunni o.fl.), 422. mál

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis frá 12. apríl 2018, þar sem óskað er umsagnar SFF um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (endurbótaáætlun, tímanleg inngríp, eftirlit á samstæðugrunni o.fl.).

Frumvarpið felur í sér innleiðingu í íslenskan rétt hluta tilskipunar Evrópusambandsins um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. *Bank Recovery and Resolution Directive, BRRD*). Um er að ræða viðamikla tilskipun sem myndar eina af grundvallarstoðum þess nýja regluverks fjármálamarkaða sem unnið hefur verið að innan Evrópusambandsins í kjölfar fjármálaáfalla þeirra sem riðu yfir heiminn fyrir um áratug. Tilskipunin tekur til viðbragða og aðgerða sem er ætlað að koma í veg fyrir erfiðleika og áföll í rekstri fjármálafyrirtækja. Innan Evrópu var, ólíkt því sem gert var hér á landi, brugðist við með því að leggja til talsverð opinber fjárframlög á kostnað skattborgara til að leysa úr vanda fjármálafyrirtækja í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008. Hér á landi var önnur leið farin sem fól í sér að fjármálafyrirtækin voru endurreist, með þeim hætti að þeim var skipt upp og ný stofnuð á grunni innlendra eigna s.s. inn- og útlánasafna. Má segja að ESB sé að leggja til svipaða leið með áður nefndri tilskipun (BRRD).

Frumvarpið byggir eingöngu á hluta tilskipunarinnar og leggja SFF mikla áherslu á að það sem eftir stendur verði lögfest sem allra fyrst á næsta þingi. Það getur verið vandkvæðum bundið að heildarlöggjöf liggi ekki fyrir, enda haldast allir hlutar hennar í hendur.

SFF leggja megináherslu á að íslensk fjármálafyrirtæki starfi eftir sama regluverki og önnur fjármálafyrirtæki á hinum sameiginlega markaði. Þess vegna er brýnt að tilskipanir og reglugerðir ESB séu innleiddar í íslenskan rétt með sama hætti og í öðrum aðildarríkjum hins sameiginlega markaðar Evrópu og ekki sé fléttað inn séríslenskum ákvæðum við innleiðingu á tilskipunum í meðferð þingsins.

Að því sögðu styðja SFF að frumvarpið verði samþykkt að mestu í óbreyttri mynd. Samtökin telja engu að síður mikilvægt að vekja máls á eftirfarandi:

1. **Lögfesting BRRD- tilskipunarinnar í heild:** Æskilegast hefði verið að stjórnvöld innleiddu alla BRRD-tilskipunina á sama tíma í stað þess að leggja fram tvö frumvörp en stefnt er að því að ljúka innleiðingunni næstkomandi haust.
2. **Hækkun eftirlitsgjalds:** Þá vekja SFF enn fremur athygli á að samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins er gert ráð fyrir hækkun á eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins sbr.:

„ Í ljósi aukins kostnaðar Fjármálaeftirlitsins við þau nýju eftirlitsverkefni sem það mun takast á hendur verði þetta frumvarp að lögum má gera ráð fyrir því að það gjald sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til stofnunarinnar muni hækka sem því nemur. “


Eftirlitsgjald FME hefur hækkað töluvert á síðustu árum og er hækkun eftirlitsgjalds í rekstraráætlun eftirlitsins fyrir þetta ár meðal annars rökstutt með vísan í ný verkefni sem tengjast innleiðingum á grundvelli lagaskyldu.¹ SFF hafa bent á mikilvægi þess að farið verði yfir verkefni FME í samhengi við upphæð gjaldsins. Ástæða þessa er sú að eðli málsins samkvæmt má gera ráð fyrir reglulegum breytingum á verkefnum eftirlitsins og ekki alltaf sjálfsagt að allar slíkar breytingar leiði eingöngu til hækkunar þar sem einhverjum þeirra líkur sbr. úrvinnsla vegna fallinna banka frá árinu 2008. Að sama skapi eru fjölmörg verkefni sem FME er ætlað að takast á hendur vegna lagabreytinga sem falla að núverandi starfsemi og kalla þá mögulega á breytingar og hagræðingu frekar en aukið fjármagn. Þessi mál eru voru til umfjöllunar á fyrsta fundi ársins hjá samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Voru FME og fulltrúar eftirlitsskyldra aðila sammála um að gerð yrði úttekt á starfsemi FME, verkefnum og rekstri í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á starfsemi FME. SFF telja mikilvægt að eftirlitið sé sterkt en á sama tíma þurfa aðilar að vera vel upplýstir um starfsemi, rekstur og verkefni FME.

3. **Tímabrestur um gerð endurbótaáætlunar:** Í 5. gr. frumvarpins er gert ráð fyrir nýjum kafla, IX. kafla A, um endurbótaáætlun. Í grein sem verður 82. gr. a. er mælt fyrir um að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki skuli gera endurbótaáætlun sem skal m.a. innihalda áætlun um aðgerðir og verklag sem lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki hyggst grípa til komi upp rekstrarerfiðleikar hjá fyrirtæki sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu þess eða starfsemi, þ.m.t. ef aðstæður eru þannig að beita þurfi tímanlegum inngripum. Stjórn fyrirtækis skal samþykkja endurbótaáætlunina og afhenda hana Fjármálaeftirlitinu. Uppfæra skal endurbótaáætlun að lágmarki árlega en oftar ef breytingar verða á rekstri fyrirtækis eða ef annað í starfsemi þess veldur

¹ Launakostnaður er stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri FME. Í rekstraráætlun FME 2018 sem gefin var út í júní 2017 er eftirfarandi umfjöllun um hækkun launakostnaðar: „Gert er ráð fyrir að launakostnaður hækki árið 2017 um 9% frá árinu áður sem skýrist af tvennu. Annars vegar almennum launahækkunum sem áætlaðar eru 4,5% á árinu (þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 6,6% almennri hækkun launa) og hins vegar fjölgun stöðugilda um þrjú í samtals 120 fyrir árslok 2017 í samræmi við fyrri rekstraráætlanir. Er þar um að ræða fjölgun vegna nýrra verkefna við viðskiptaháttaeftirlit og neytendavernd, þjóðhagsvarúð og reglusetningar- og innleiðingavinnu á grundvelli lagaskyldu.“

verulegum breytingum á áætluninni. Gerð endurbótaáætlunar kallar á mikla greiningarvinnu innan fyrirtækis sem vanda þarf til og aðkomu margra sviða. Auk þess er gert ráð fyrir aðkomu æðstu stjórnenda bankans og stjórnar. Þrátt fyrir að innan fjármálafyrirtækja sé að finna ýmsar áætlanir sem gert er að ná yfir ólíka þætti endurbótaáætlunar, þá er hér um nýja aðferðafræði að ræða sem bankarnir eru að fara eftir í fyrsta sinn. Það þarf því að gefa þeim fyrirtækjum sem um ræðir ráðrúm til að vinna að þessu verkefni eftir gildistöku laganna. SFF leggja því áherslu á að í lögnum verði tilgreindur rúmur tímafrestur til að leggja fram fyrstu endurbótaáætlun til FME. Lagt er til að fyrirtækjum þeim sem um ræðir verði í fyrsta lagi gert að skila áætlun inn í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir gildistöku laganna.

Með vinsemd og virðingu,



Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF